

Starfsáætlun

Hagstofu Íslands 2020

Efni

Yfirlit	4
Stefna og starfsáætlun	5
Hlutverk	5
Framtíðarsýn til 2025	5
Leiðarljós	5
Lykiláherslur – markmið	6
Stjórnsýsla og samstarf.....	7
Alþjóðamál	7
Aðferðafræði og rannsóknir	7
Samskipti og miðlun	8
Gæða- og öryggismál.....	9
Efnahagssvið.....	10
Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál.....	10
Utanríkisverslun.....	10
Vísitölur	11
Félagsmálasvið.....	12
Vinnumarkaður.....	12
Vinnuafli og laus störf.....	12
Vinnutími	13
Laun	13
Starfaflokkun	13
Tekjur og skuldir	13
Lífskjararannsókn	14
Manntal	14
Mannfjöldi	14
Húsnæði.....	14
Menntun.....	14
Menning og miðlar	15
Konur og karlar	15
Börn	15
Kosningar	15
Félagsvísar	15

Upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga	16
Heilsufar	16
Félagsvernd	16
Hagsældarmælikvarðar	16
Færnimat á íslenskum vinnumarkaði	16
Fyrirtækjasvið	17
Hagtölur um fyrirtæki.....	17
Rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja	17
Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði.....	18
Tölfræði um ferðaþjónustu	18
Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar	18
Rekstrarsvið	20
Fjármál og rekstur	20
Gagnasöfnun	20
Úrtaksrannsóknir	20
Upplýsingatæknideild.....	21

Yfirlit

Hagstofa Íslands skiptist í fimm svið; stjórnsýslu og samstarf, efnahagssvið, félagsmála-svið, fyrirtækjasvið og rekstrarsvið auk skrifstofu yfirstjórnar. Helstu verkefni ársins mótast af stefnu Hagstofunnar 2020-2025 og forgangsröðun verkefna í samræmi við markmið og aðgerðir í fjárlögum fyrir árið 2020.

Stefnumótunarvinna Hagstofu Íslands fyrir árin 2020-2025 fór fram haustið 2019. Í þeirri vinnu urðu til mörg umbótaverkefni. Núverandi staða var greind og aðrar hagstofur í Evrópu voru skoðaðar. Breið og virk þátttaka starfsfólks og notenda var höfð að leiðarljósi í stefnumótunarferlinu.

Hröð þróun hefur átt sér stað í heimi tækninnar á síðastliðnum árum. Sú þróun er komin til að vera og er hluti af svokallaðri fjórðu iðnbyltingu. Með henni er ör þróun til sjálfvirknivæðingar með öflugri tækni, sem mun hafa víðtæk áhrif. Framtíðin býður því upp á krefjandi áskoranir og tækifæri. Því eru áherslur Hagstofu Íslands áttaviti til þess að takast á við framtíðina og nýta sér þau tækifæri sem ný tækni veitir.

Niðurstaða stefnumótunar 2020-2025 er að Hagstofa Íslands vilji vera framsækin þekkingarmiðstöð sem veiti góða þjónustu og stuðli að upplýstu samfélagi. Settar voru lykiláherslur og markmið fyrir starfseminu og hafa metnaðarfullar aðgerðir verið mótaðar til þess að ná markmiðum okkar.

Stefna og starfsáætlun

Stefna Hagstofu Íslands byggir á hlutverki og framtíðarsýn og er ætlað að veita góða þjónustu og stuðla að upplýstu samfélagi. Stefnan mótast af lykiláherslum sem eru; aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi. Í starfsemi Hagstofu Íslands er þjónusta, áreiðanleiki og framsækni ávallt höfð að leiðarljósi.

Hlutverk

Hagstofan vinnur hlutlægar hagskýrslur, hefur forystu um samhæfingu hagtalna, stundar rannsóknir og stuðlar þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Framtíðarsýn til 2025

Hagstofan er framsækin þekkingarmiðstöð sem veitir góða þjónustu og stuðlar að upplýstu samfélagi.

Leiðarljós

Leiðarljós Hagstofu Íslands voru mótuð af starfsmönnum og endurspegla hlutverk stofnunarinnar. Leiðarljósin lýsa veginn í starfseminni að þeim markmiðum sem hafa verið skilgreind.

Þjónusta

Við erum þjónustumiðuð og umbreytum gögnum í þekkingu til upplýstra ákvarðana og umræðu. Við leggjum áherslu á samstarf við notendur, að lágmarka svarbyrði, samræma gögn og auðvelda aðgang að upplýsingum.

Áreiðanleiki

Við erum sjálfstæð, fagleg og sýnum ábyrgð með því að greina frá aðferðum og beita hlutlægum vinnubrögðum. Við virðum trúnað og tryggjum öryggi gagna.

Framsækni

Við horfum til framtíðar, erum opin fyrir nýjungum, tókum breytingum og stuðlum að aukinni þekkingu og nýsköpun. Við vinnum saman í jákvæðu og hvetjandi umhverfi þar sem samskipti einkennast af trausti og virðingu.

Lykiláherslur – markmið

Lykiláherslur Hagstofunnar eru þrjár og hver lykiláherslan hefur markmið. Lykiláherslurnar eru: Aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi.

Aðgengilegar upplýsingar og þekking	Samræmd högun upplýsinga og ferla	Þekkingarmiðað starfsumhverfi
Að þekkja þarfir notenda	Samræma lýsigögn, flokkanir, hugtök og gögn	Auka samvinnu og samnýtingu þekkingar
Þróa miðlunarleiðir	Innleiða trausta tæknilega innviði	Styðja við nýsköpun og öflun þekkingar
Auka virði hagtalna með því að setja þær í samhengi	Samræma aðferðir og sjálfvirknivæða ferla	Bæta stjórnun og efla teymisvinnu
Efla þekkingarhlutverk Hagstofunnar	Byggja upp skilvirk stjórnkerfi	

Hér á eftir eru starfsáætlanir þar sem fram koma helstu verkefni og áherslur hvers sviðs.

Stjórnsýsla og samstarf

Alþjóðamál

Unnið verður að því að taka upp breytt verklag við innleiðingu á Evrópureglugerðum í tengslum við nýjan EES-gagnagrunn utanríkisráðuneytisins. Gengið verður frá samstarfssamningum og komið á samstarfsvettvangi við aðra opinbera hagskýrsluframléiðendur.

Áfram verður unnið að því að bæta eftirlit og umsjón með erlendum styrkjum og stuðningur verður eflur í samstarfi við rekstrarsvið Hagstofunnar við rekstur verkefna sem njóta styrkja. Haldið verður stutt námskeið um styrkjaumsóknir fyrir starfsmenn til að efla frekar umsóknir.

Stutt verður við vinnu forsætis- og utanríkisráðuneytis við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Hagstofan mun halda áfram tölfræðilegri vinnslu mælikvarða heimsmarkmiðanna en með þeim er sýnd staða Íslands gagnvart markmiðunum. Stefnt er að því að birtar verði upplýsingar um 150 mælikvarða í lok ársins.

Unnið verður skipulega að því að kynna mælikvarða heimsmarkmiðanna og stöðu Íslands gagnvart markmiðunum í samstarfi við forsætisráðuneyti og verkefnastjórn heimsmarkmiðanna. Sérstök áhersla verður á stjórnsýsluna og stjórnarráðið til að styðja við notkun á tölfræði heimsmarkmiðanna við stefnumótun.

Aðferðafræði og rannsóknir

Komið verður á skipulegum stuðningi við fræðigreinaskrif starfsmanna og unnið að því markmiði að fjölga birtingum frá Hagstofu Íslands í alþjóðlegum vísindatímaritum. Auk þess er stefnt að því að birta fjórar greinagerðir um aðferðafræðilegar úttektir á árinu 2020. Þetta eru greinagerðir um 1) vísitölu neysliverðs, 2) vinnumarkaðsrannsókn, 3) mannfjöldaspá og 4) rekjaleika manntalsgagna.

Stefnt er að því koma á nýjum birtingaflokki, tilraunatölfræði. Það felst í að skilgreina útgáfu á tölfræði sem ekki uppfyllir ströngustu gæðaviðmið þess að vera framleidd samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum hagskýrslustöðlum, en þeir annmarkar þurfa að vera notendum á þeirri tölfræði algjörlega ljósir. Tilraunatölfræði gefur kost á að varpa fram nýjum upplýsingum fyrr en annars væri. Slíkt birtingarform mun auka nýtingu á gögnum sem Hagstofan safnar og heldur utan um og gefa notendum og sérfræðingum tækifæri til nýsköpunar í framleiðslu hagtalna og gæðaprófunar á gögnum.

Til þess að styðja við bæði aukna rannsóknarvirkni innan Hagstofunnar og þróun tilraunatölfræði verður aðferðafræðiráð Hagstofunnar (ráð utanaðkomandi aðferðafræðisérfræðinga) virkjað í auknum mæli með það að markmið að fá bæði ytri rýni á aðferðir Hagstofunnar og ráðgjöf við nýsköpun í aðferðum.

Komið verður upp sérstöku svæði á vef Hagstofunnar fyrir upplýsingar um aðferðafræði sem notuð er við framleiðslu hagtalna. Þar eiga notendur að geta nálgast útgefnar greinargerðir um alla aðferðafræði sem notuð er í framleiðslunni auk staðla og flokkunarkerfa. Markmiðið með slíkum aðferðafræðivef er að gera framleiðslu hagtalna gegnsæja í takt við kröfur meginreglna í Evrópskri hagskýrslugerð (e. European Code of Practice) og auka þjónustu við notendur.

Áfram verður unnið að innleiðingu og stuðningi við tölfraeðihugbúnaðinn R við framleiðslu opinberrar hagskýrslugerðar á Hagstofunni. Þessu tengt verða haldin tvö alþjóðleg námskeið um notkun R við opinbera hagtölugerð á vegum Hagstofu Íslands, auk þess sem Hagstofan mun taka þátt í alþjóðlegri samvinnu tengdri hagnýtingu R við Evrópska hagskýrslugerð.

Haldið verður áfram að kynna fyrir rannsóknarsamfélaginu þá þjónustu sem Hagstofan getur boðið við afgreiðslu örgagna til vísindalegra rannsókna. Það verður gert með því að halda kynningar á gögnum Hagstofunnar ásamt því að starfsmenn Hagstofunnar munu taka virkan þátt í ráðstefnum innanlands og í þeim viðburðum þar sem rannsakendur koma saman.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjórar deildir Háskóla Íslands og viðskiptafraeðideild Háskólans í Reykjavík um samvinnu í tengslum við meistaraverkefni nemenda. Þar sem frumkvæði háskólanna að verkefnasamvinnu hefur verið minna en ráð var fyrir gert verður unnið að því að auka frumkvæði Hagstofu Íslands í slíku rannsóknarsamstarfi. Í þessu felst greining á verkefnum sem hentað gætu fyrir slíkt samstarf og að eftirfylgni með að markmiðum verkefnasamninga sé náð.

Samskipti og miðlun

Miðlunarteymið vinnur náið með öllum sviðum Hagstofunnar. Í ár verður áhersla lögð á að bæta framsetningu fréttar auk þess sem haldið verður áfram að styrkja myndræna framsetningu talnaefnis. Einnig verður þátttaka Hagstofunnar á samfélagsmiðlum tekin til endurskoðunar með það að leiðarljósi að gera hana fjölbreyttari og að miðla til breiðari markhóps. Meðal annars verður boðið upp á ensk innsög á samfélagsmiðlum sem er nýlunda í starfseminni.

Nýtt símkerfi og sjálfvirkt móttökukerfi verður sett upp á árinu. Einnig verður opnunartími móttökunnar lengdur og upplýsingar um starfsmenn á vefnum verða gerðar ítarlegri en áður. Þessar aðgerðir hafa það allar að markmiði að auðvelda notendum samskipti við Hagstofuna.

Áfram verður unnið að því að þróa vef Hagstofunnar, meðal annars með því að færa miðlun hagtalna yfir í vefútgáfur. Þessu tengt verður framsetning á lýsigögnum bætt, en notendur hafa mjög kallað eftir umbótum á því sviði. Vefurinn er helsta miðlunartæki Hagstofunnar og áfram verður unnið í að gera hann notendavænni og einfalda notendum að nálgast og nýta afurðir Hagstofunnar á sem skilvirkastan hátt.

Áfram verður lögð áhersla á að kynna Hagstofuna og helstu afurðir hennar og þjónustu ásamt því að bregðast við opinberri umfjöllun þegar það á við.

Gæða- og öryggismál

Haldið verður áfram að byggja upp stöðugt kerfi endurgjafar frá notendum á árinu, bæði með áframhaldandi fundum með notendum og með því að gera þjónustukönnun. Stöðug og skipuleg endurgjöf notenda er Hagstofunni ákaflega mikilvæg til þess að bæta þjónustu sína.

Evrópska hagskýrslusamstarfið framkvæmir jafningjamat (e. peer review) á hagstofum á EES á næsta ári og hefst undirbúningur á þessari ítarlegu úttekt á þessu ári. Síðasta jafningjamat var framkvæmt árið 2014 og var ákaflega gagnleg rýni sem leiddi til fjölmargra umbóta á starfsemi Hagstofunnar.

Gerð verður áætlun um og framkvæmd hafin við samþættingu gæða- og öryggismála. Hagstofan er með ISO/IEC 27001 öryggisvottun og mun hún lögð til grundvallar á umbóta- og gæðastarfi við stofnunina. Verkefnið er umfangsmikið og felst í því að fella saman stjórnkerfi gæðamála, persónuverndarmála og gagnaöryggismála þannig að úr verði eitt skilvirkt stjórnkerfi.

Hagstofa Íslands réðst í stefnumótun í lok árs 2019 og setti sér stefnu fyrir árin 2020 til 2025. Til þess að fylgja eftir stefnunni hafa verið sett af stað fjöldi verkefna sem halda þarf utan um. Gera má ráð fyrir að gæða- og öryggismál muni á komandi árum snúast talvert um innleiðingu stefnunnar og utanumhald þessara verkefna.

Efnahagssvið

Sviðið skiptist í þrjár deildir. Í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála verður unnið að fjölmörgum þróunar- og umbótaverkefnum auk hefðbundinna birtinga.

Í utanríkisverslunardeild verður innleitt nýtt vinnslukerfi vöruviðskipta ásamt áframhaldandi þróun á mánaðaruppgjöri þjónustuviðskipta.

Í vísitöludeild verður unnið að tæknilegum úrbótum á vinnsluferlum. Aukin skilvirkni og gæði verða megináherslur deildarinnar.

Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Skilgreind hafa verið sex lykilverkefni í deild þjóðhagsreikninga sem unnið verður að á árinu 2020. Auk þess verður áfram unnið að því að fullnægja alþjóðlegum kröfum á sviði þjóðhagsreikninga sem og almennum þörfum innlendra sem erlendra notenda hagtalna. Þá verður komið á umbótum í úrvinnslu þjóðhagsreikninga og vinnslukerfi þeirra uppfært.

Lykilverkefni á árinu eru í fyrsta lagi smíði birtingargrunns fyrir allar afurðir sem deildin ber ábyrgð á. Í öðru lagi verða gagnaskil hins opinbera sett í forgrunn og stefnt að því að koma á formlegu samkomulagi milli Hagstofunnar, ríkis og sveitarfélaga um gagnasamskipti. Í þriðja lagi er unnið að því að koma flokkun hageininga í mismunandi hageira í betra horf til samræmis við gildandi þjóðhagsreikningastaðla. Í fjórða lagi verður þróuð tilraunaútgáfa nýs ársfjórðungslegs framleiðsluuppgjörs og í fimmta lagi verða gerðar umbætur á tölfræði um fjármunamyndun og fjármunaeignir. Í sjötta og síðasta lagi má nefna endurskoðun á tímaröðum þjóðhagsreikninga sem gerð er í samræmi við samþykktu stefnu Hagstofu Evrópusambandsins um samræmt fyrirkomulag og tíma-setningu slíkra endurskoðana.

Af öðrum verkefnum má nefna áframhaldandi uppbyggingu á fjármálareikningum í samvinnu við Seðlabanka Íslands og gerð ferðaþjónustureikninga. Auk þess má nefna áframhaldandi þróun aðferða við mælingar á vinnumagni samkvæmt aðferðafræði þjóðhagsreikninga og lengingu tímaraða sem nú ná eingöngu til áranna 2008-2019. Sömu leiðis verður lögð áhersla á uppfærslu lýsigagna og þróun þeirra, stefnt er að útgáfu talnaefnis um útgjöld til lífeyrismála og sérstökum útgáfum um heilbrigðisútgjöld og útgjöld vegna félagsverndar.

Utanríkisverslun

Breytt vinnslukerfi vöruviðskipta, í tengslum við innleiðing á samræmdu tollskýrsluskjali (SAD-skjal), felur í sér ýmsar breytingar sem nú er unnið að og verður tekið í notkun á árinu. Samhliða þessum verkefnum verður unnið að greiningu vöru- og þjónustuviðskipta eftir fyrirtækjaeinkennum. Spegilrannsókn fyrir þjónustuviðskipti verður gangsett á árinu en því verkefni lýkur á næsta ári.

Útgáfa mánaðarlegra heildartalna þjónustuviðskipta við útlönd verður þróuð áfram og á árinu verður unnið að endurskoðun á útgáfum aftur í tímann í samræmi við endurskoðun þjóðhagsreikninga.

Af öðrum verkefnum á árinu má nefna tölfræði um afhendingarmáta þjónustu, tölfræði um rafræna þjónustu í einkaneyslu og endurnýjun á vinnslu verð- og magnvísitalna í utanríkisviðskiptum.

Vísitölur

Leiðarstefið í starfsáætlun vísitöludeildar á árinu verður aukin gæði verðmælinga og áframhaldandi framfarir í mælitækni. Tæknilegar úrbætur í vinnsluferlum hafa þegar leitt til þess að handvirkum verðmælingum hefur að mestu verið hætt. Jafnframt verður hafist handa við gerð aðferðafræðilýsinga fyrir samræmdar vísitölur neysluverðs og vísitölu neysluverðs.

Í undirbúningi er uppfærsla á neysluflokkunarkerfi neysluútgjalda COICOP 2018 en kerfið er mikið endurnýjað frá fyrri útgáfu. Jafnframt verður unnið áfram að endurbótum á rannsókn á útgjöldum heimilanna.

Félagsmálasvið

Starfsemi félagsmálasviðs árið 2020 einkennist af undirbúningi manntals 2021 samhliða áherslu á samræmda högun upplýsinga og ferla. Unnið verður að hagtölum um lýðfræði, mannfjölda, félagsmál, heilbrigðismál, kosningar, lífskjör, vinnumarkað, notkun á upplýsingatækni, laun, launakostnað, tekjur, skuldir, menntun, skóla, fjölmiðla, menningu og listir samhliða umbótavinnu og þróun nýrra verkefna. Sviðið skiptist í tvær deildir: Atvinnu, lífskjör og mannfjölda og Laun, tekjur og menntun.

Vinnumarkaður

Áfram verður unnið að breyttum birtingartakti með áherslu á ársfjórðungsútgáfur á fjölbreyttum hagtölum um vinnuafli, vinnumarkað og laun. Samhliða verður unnið að innri umbótum á framleiðsluferlum til að auka hagkvæmni og minnka áhættu í rekstri.

Vinnuafli og laus störf

Stefnt er að frekari niðurbroti á upplýsingum um laus störf og má vænta upplýsinga um laus störf eftir atvinnugreinum á árinu. Um er að ræða nýja útgáfu frá árinu 2019 sem byggir á sérstakri ársfjórðungslegri rannsókn meðal lögaðila á áformum þeirra um ráðningar.

Unnið verður að bættum verkferlum og aukinni sjálfvirkni við miðlun mánaðarlegra talna um vinnumarkaðinn.

Ný reglugerð um félagsmálahagtölur tekur gildi árið 2021 og mun undirbúningur fyrir þær breytingar sem hún kallar á fara fram á árinu 2020. Reglugerðin mun hafa áhrif á spurningar og skilgreiningar í vinnumarkaðsrannsókn og munu þau áhrif koma fram strax í byrjun árs 2021. Áhersla verður lögð á að nýta fyrirliggjandi gögn og búa til samræmdar tímaraðir fyrir notendur hagtalna sem byggja á vinnumarkaðsrannsókninni.

Lækkandi svörun í vinnumarkaðsrannsókn er vaxandi vandamál. Á árinu verður haldið málþing á vegum Hagstofunnar um brottfall í úrtaksrannsóknnum þar sem fjallað verður um leiðir til að auka svörun. Að auki stendur til að breyta tölfræðiúrvinnslu vinnumarkaðsrannsóknar í þeim tilgangi að auka áreiðanleika niðurstaðna. Meðal annars með aukinni notkun annarra heimilda og gagnalinda.

Jafnframt verður unnið að frekari þróun á hagtölum um vinnuafli samkvæmt skrá og stefnt að aukinni sundurliðun á árinu, til að mynda eftir almennum og opinberum geira.

Vinnutími

Unnið verður að umbótum á mælingum vinnutíma sem byggja á svörum við auka-spurningum um vinnutíma í vinnumarkaðsrannsókn sem lagðar voru fyrir haustið 2019 til að fá betri upplýsingar um unnar stundir.

Bættar upplýsingar um vinnutíma verða nýttar til að bæta líkön sem lögð eru til grundvallar mati á vinnumagni við útreikning á launakostnaði.

Í ljósi þess að samið hefur verið um styttingu vinnutíma á stórum hluta vinnumarkaðar verða áhrif vinnutímastyttingar metin, til að mynda í verðvísitölu launa.

Laun

Þróuð verður ársfjórðungsleg vísibending um laun til að svara þörfum fyrir tímanlegar upplýsingar um launastig.

Áfram verður unnið að bættri þekju launarannsóknar þannig að hún nái til allra atvinnugreina.

Stefnt er að innlendri útgáfu vísitölu launakostnaðar (e. Labour Cost Index) og birtingu árlegra upplýsinga um skiptingu launakostnaðar (e. Labour Cost Levels).

Á árinu verður unnið að verkefnum sem taka mið af þörfum nýstofnaðrar kjaratölræðinefndar sem er samstarf heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag fyrir undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga. Nefndinni er meðal annars ætlað að gefa út skýrslu tvisvar á ári og stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Starf flokkun

Unnið verður áfram að innleiðingu á nýju starf flokkunarkerfi sem byggir á alþjóðlegum staðli ISCO08. Þýðing á staðlinum er á lokametrum og er áætlað að klára staðfæringu og frágang flokkunarkerfisins árið 2020. Starf flokkun er grundvöllur að opinberri hagskýrslugerð um íslenskan vinnumarkað en hefur einnig víðtæka skírskotun í samfélaginu svo sem við ýmsar launagreiningar.

Tekjur og skuldir

Áfram verður unnið að þróun hagtalna um tekjur, eignir og skuldir á grundvelli skattagagna. Á árinu er stefnt að útgáfu á ársfjórðungslegri vísibendingu um atvinnutekjur eftir atvinnugreinum til að svara þörf fyrir tímanlegar upplýsingar.

Lífskjararannsókn

Áfram verður unnið að umbótum á framkvæmd og úrvinnslu lífskjararannsóknar með það fyrir augum að straumlínulaga rannsóknina og auka tímanleika í útgáfum á hagskýrslum um lífskjör. Fyrirhugað er að koma á reglulegri takti birtinga og miðlunar niðurstaðna úr rannsókninni til hagsbóta fyrir notendur.

Manntal

Með manntali er átt við samtíma uppgjör á heimilishögum, búsetu og atvinnu íbúa. Manntal 2021 hefst formlega árið 2020 og er stefnt að stöðutöku á viðmiðunardegi 1. janúar 2021 sem fyrsta áfanga verkefnisins. Um er að ræða rafrænt manntal sem byggir á fjölbreyttum rafrænum heimildum um íbúa og híbýli á Íslandi. Stefnt er að árlegu manntali ríkja EES frá árinu 2024 og verður unnið að undirbúningi þess samhliða manntali 2021.

Mannfjöldi

Áætlað er að ljúka norrænu verkefni um áhrif fólksflutninga á milli Norðurlandanna sem hófst árið 2017 en verkefnið hefur verið framlengt út árið 2020.

Unnið er að gerð talnaefnis um giftingar, sambúð og skilnaði, en sú útgáfa hefur legið niðri um nokkurra ára skeið.

Húsnæði

Áfram verður unnið að þróun hagtalna um húsnæðismál, auk þess sem unnið verður að bættum vinnsluferlum. Unnið er að frekari hagnýtingu skráargagna sem nýtast við gerð húsnæðistals í tengslum við manntalið 2021. Sérstaklega verður sjónum beint að leigjendum og stöðu þeirra á húsnæðismarkaði.

Menntun

Umsýsla á gögnum um hæstu menntun einstaklinga verður sett í reglubundinn rekstur. Í kjölfarið verða birtar upplýsingar um menntunarstig og mannfjölda, þar með talið upplýsingar um menntun inn- og brottfluttra.

Áfram verður unnið að bættum tímanleika menntunartalna. Stefnt er að þróun talnaefnis um háskólanemendur sem útskrifast á Íslandi en hafa tekið hluta af sínu námi erlendis (e. credit mobile students).

Haustið 2020 verður ennfremur haldinn norrænn fundur um menntamálatölfræði.

Menning og miðlar

Unnið verður að frekari þróun hagrænna mælikvarða fyrir menningu og miðla.

Á vordögum verður gerð úrtaksrannsókn meðal almennings þar sem könnuð verður þátttaka í menningu og listum, notkun á miðlum og um áhugamál. Á hinum Norður-löndunum hafa sambærilegar rannsóknir tíðkast síðustu áratugi.

Áhersla er lögð á gagnaskil til alþjóðastofnana og í tengslum við fjölþjóðlegt samstarf um birtingu á tölum um menningu og miðla (svo sem EAO, NORDICOM, Kulturanalys Norden, UNESCO).

Ennfremur er áformuð birting á talnaefni um kvikmyndir, tónleika og hljóðrit, starfsemi safna, blaðaútgáfu og úrskurði siðanefndar blaðamanna, auk talnaefnis um tekjur fjölmiðla. Þar með taldar auglýsingatekjur.

Konur og karlar

Unnið er að þróun mælaborðs um stöðu karla og kvenna á Íslandi þar sem horft er til Gender Equality Index sem er birtur af hálfu European Institute for Gender Equality. Verið er að meta hvaða upplýsingar liggja þegar fyrir hjá Hagstofunni og að hvaða marki þurfi að safna nýjum upplýsingum með það að markmiði að birta samskonar upplýsingar fyrir Ísland.

Börn

Unnið verður að frekari þróun á hagtölum um börn í samstarfi við umboðsmann barna og félagsmálaráðuneytið.

Kosningar

Gerð verður grein fyrir framboðum, úrslitum og framkvæmd kosninga auk þess sem birtar verða upplýsingar um kosningabátttöku í þeim kosningum sem verða á árinu. Áformaðar eru kosningar til sveitarstjórnar í kjölfar sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi. Enn er óljóst hvort forsetakosningar verða í sumar.

Félagsvísar

Stefnt er að fjórum greiningum árið 2020 innan ramma félagsvísa sem eru skipulagðar í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og munu allar fjalla um börn að einhverju leyti. Fyrirhugað er að tvær birtingar verði á fyrri hluta árs og tvær á seinni hluta árs 2020.

Upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga

Gerð verður rannsókn á upplýsingatækninotkun heimila og einstaklinga á Íslandi en um er að ræða úrtaksrannsókn sem byggir á samevrópskum aðferðum. Niðurstöðurnar verða samanburðarhæfar við niðurstöður annarra landa Evrópu og yfir tíma innanlands, en rannsóknin hefur verið gerð hér á landi með hléum frá árinu 2002. Fyrirhugað er að birta niðurstöður á vormánuðum 2020.

Heilsufar

Unnið verður að greiningu á gögnum sem aflað var á síðasta ári í rannsókn á heilsufari. Rannsóknin er lögbundið verkefni Hagstofunnar og var gerð af öllum ríkjum EES árið 2019. Gögnum verður skilað til Eurostat á árinu og þess freistað að miðla fyrstu innlendu niðurstöðunum.

Félagsvernd

Í upphafi árs er væntanleg ný rafræn útgáfa af norrænu talnaefni um félagsvernd. Auk þess verður unnið að hefðbundnu talnaefni innan málaflokksins.

Hagsældarmælikvarðar

Að beiðni forsætisráðuneytisins mun Hagstofan taka að sér að safna saman og miðla Mælikvörðum um hagsæld og lífsgæði. Gert er ráð fyrir að efninu verði miðlað í gegnum vísasíðu Hagstofunnar þar sem nú þegar eru birtir félagsvísar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Frekari upplýsingar um mælikvarðana má nálgast hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b31679a7-d638-11e9-944d-005056bc530c>

Færnimat á íslenskum vinnumarkaði

Hagstofa Íslands mun á árinu 2020 hefja vinnu við mat á færniþörf á íslenskum vinnumarkaði með því að hanna spálíkan sem byggir á fyrirbyggjandi gögnum stofnunarinnar. Verkefnið byggir á skýrslu sérfræðingahóps sem var gefin út árið 2018 (<https://www.vinnumalastofnun.is/media/2076/faerni-a-vinumarkadi-web-110518-2.pdf>) og skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (http://www.ioes.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/greining_a_menntun_starfstettumatvinnu-greinum_a_vinumarkadi-stodumat.pdf) en verkefnið er fjármagnað sameiginlega af forsætisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og mennta- og meningarmálaráðuneytinu. Fyrirhugað er að fyrstu niðurstöður verði birtar undir lok árs 2020.

Fyrirtækjasvið

Hagtölur um fyrirtæki

Heildstæðar tölur yfir rekstrar- og efnahagsyfirlit atvinnugreina eru birtar árlega. Tölur hafa verið birtar aftur til ársins 2002 til og með árinu 2018. Áfram verður unnið að því að auðga þessa tölfræði í samvinnu við helstu notendur hennar og svara þannig spurn samfélagsins eftir betri tölfræði um atvinnugreinar. Á árinu 2020 verður unnið að frekara niðurbroti á upplýsingum um rekstur og fjárfestingar fyrirtækja og atvinnugreina. Unnið er að því að tölfræðin verði birt eins tímanlega og unnt er.

Á síðustu árum hafa verið birtar í áföngum lykiltölur um fjölda fyrirtækja og helstu rekstrarupplýsingar atvinnugreina (e. Structural business statistics; SBS) í samræmi við Evrópureglugerð 259/2008. Gögnin eru samanburðarhæf við önnur ríki Evrópu og er þeim skilað til Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Samhliða er framleidd tölfræði um lýðfræði fyrirtækja (e. Business Demography) og skilað til Eurostat. Sömu upplýsingar eru birtar á vef Hagstofunnar. Áfram verður unnið að frekari umbótum á lýðfræði fyrirtækja og greiningu gagna til að svara eftirspurn atvinnugreina. Síðustu misseri hefur verið unnið að ýmsum rannsóknarverkefnum með norrænum hagstofum um útflutningshneigð og samkeppnishæfni atvinnugreina. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa verið birtar og hlotið mikla athygli, en áfram verður unnið að frekari birtingum úr þeirri vinnu.

Reglulegum birtingum á skammtímatölfræði og skammtímahagvísunum atvinnugreina (e. Short Term Statistics; STS) verður haldið áfram á árinu 2020. Bæði er unnið að tölfræði sem byggir á Evrópureglugerð 1165/98 sem og því að svara spurn samfélagsins eftir skammtímatölfræði. Á síðustu árum hefur skammtímatölfræði atvinnugreina verið stórlega bætt með nýjum útgáfum s.s. um fjölda launagreiðenda og launþega eftir atvinnugreinum og skammtímahagvísunum ferðaþjónustu. Áfram verður unnið að uppbyggingu á skammtímatölfræði atvinnugreina og unnið að frekari myndrænni birtingu á upplýsingum.

Stöðugt er unnið að auðgun á upplýsingum um fyrirtæki í fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Verkefninu hefur verið áfangaskipt þannig að viðbætur og nýjar upplýsingar, sem unnið er að á hverjum tíma, verði hægt að nýta strax til auðgunar á tölfræði sem framleidd er um atvinnugreinar og fyrirtæki.

Rannsókn á nýjungavirkni og nýsköpun fyrirtækja

Á árinu 2020 verður gerð rannsókn á útgjöldum fyrirtækja og stofnana til rannsóknar- og þróunarstarfs. Stefnt er að því að birta niðurstöður síðla árs 2020, en rannsóknin er gerð annað hvert ár. Á árinu verður jafnframt gerð rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, en rannsóknirnar fylgja alþjóðlegum stöðlum og aðferðafræði OECD og Eurostat.

Sjávarútvegs- og landbúnaðartölfræði

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp framleiðslu á landbúnaðartölfræði þannig að bæði innlendir og alþjóðlegar skuldbindingar séu uppfylltar. Áfram verður unnið að því, en nær allar alþjóðlegar skuldbindingar eru þegar uppfylltar. Áhugi hefur verið hjá notendum á frekari framleiðslu á rekstrartengdum upplýsingum og var á árinu 2017 gerður samningur um þá framleiðslu. Eru nú reglulega birtar upplýsingar um rekstur og efnahag sauðfjárbúa, kúabúa og annarra nautgripabúa eftir landsvæðum og stærð. Jafnframt hafa verið birtar upplýsingar um rekstur og efnahag garðyrkjuræktar. Áfram verður unnið að auðgun á þessari tölfræði á árinu 2020, en á árinu verður einnig gerð landbúnaðarrannsókn.

Tölfræði um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla verður með hefðbundnum hætti á árinu 2020.

Tölfræði um ferðapjónustu

Vaxandi áhugi hefur verið á tölfræði um ferðapjónustu með auknu vægi atvinnugreinarinnar. Ýmis tölfræði hefur verið þróuð og komið til birtingar á síðustu misserum og verður áfram unnið að frekari birtingu á mánaðarlegri tölfræði um ferðapjónustu. Mánaðarlega eru birtar áætlanir um heildarfjölda gistinátta á öllum tegundum gististaða, en þar er gengið lengra en kröfur Evrópureglugerðar nr. 692/2011 segja til um. Við þetta bætast hefðbundnar og lögbundnar útgáfuáætlanir um seldar gistinætur í gegnum Airbnb og sambærilegar vefþjónustur, gistinætur í bílum utan tjaldstæða og gistinætur sem ekki er greitt fyrir, s.s. húsaskipti og gisting hjá vinum og ættingjum. Framleiðslan hefur vakið athygli hér á landi og erlendis og hafa þegar verið haldnar nokkrar kynningar erlendis á verkefninu. Á árinu 2020 verður unnið að frekari birtingum á mánaðarlegum upplýsingum um ferðapjónustu.

Umhverfistölfræði og umhverfisreikningar

Á árinu 2017 hófst undirbúningur að framleiðslu umhverfisreikninga í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar með fjármögnun á verkefninu í fjárlögum og ráðningu sérfræðinga til verkefnisins. Verkefnið skiptist í nokkra hluta, en á síðustu misserum hefur farið mikil vinna í að byggja upp tölfræði í þeim hlutum sem snúa að losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands. Gögnum er reglulega skilað til Eurostat og hafa þau verið birt á vef Hagstofunnar fyrir árin 1995-2019. Búin hafa verið til líkön til að auka á tímanleika upplýsinga og birtingar á bráðabirgðaútreikningum á losun CO₂ ígilda. Er það gert til að koma til móts við vaxandi áhuga á málaflokknum og þannig auðga umræðuna með tímalegum gögnum. Jafnframt hefur verið unnið að tölfræði á orkuflæðisreikningum, efnisflæðisreikningum og útgjöldum og fjárfestingu til umhverfisvænna þátta. Tölfræði og gögnum hefur verið skilað til Eurostat, en á árinu 2020 verður unnið að tölfræði á sköttum tengdum útblæstri og mengum sem og tölfræði um umhverfisvænar vörur og þjónustu. Þegar vinnsla og skilum á þessari tölfræði

til Eurostat er lokið hefur öllum alþjóðlegum skuldbindingum um skil á umhverfisreikningum verið fullnægt. Á árinu 2020 mun einnig vera unnið að frekari myndrænni birtingu á upplýsingum um umhverfismál til birtingar á vef Hagstofu Íslands

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er annað af tveimur sviðum innan Hagstofunnar sem gengur þvert á aðra starfsemi. Deildir sviðsins eru þrjár; fjármál og rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun. Rekstrarsvið leggur sig fram við að veita framleiðslusviðum Hagstofunnar góða þjónustu auk þess að vinna að umbótum og samfelldum rekstri. Auk samvinnu við hagskýrslusviðin eru helstu áherslur sviðsins fyrir árið 2020 áframhaldandi styrking innviða, betri þjónusta, sjálfvirknivæðing og vöktun búnaðar. Verkefni er varða island.is munu skipa stóran sess í upplýsingatæknideild og gagnasöfnun heldur áfram að bæta við sig frekari verkefnum frá framleiðslusviðinum sem skapar rými á framleiðslusviðunum til frekari greininga, auk þess sem verkefni er varða áherslumál stefnumótunar Hagstofunnar 2020 munu einkenna árið.

Fjármál og rekstur

Fjármáladeild Hagstofu Íslands samanstendur af fjármálastjóra og bókara og er því minnsta deild stofnunarinnar. Helstu verkefni deildarinnar eru að færa bókhald stofnunarinnar, annast reikningagerð vegna sérvinnslna og samninga, sjá um greiðslur reikninga, bókanir á ferðareikningum, launabókhald, virðisaukaskil, áætlunargerð, greiningar, skil á mánaðarlegu uppgjöri til Fjársýslunnar og áætlunum til forsætisráðuneytisins. Auk þess sér deildin um allan rekstur á húsnæði, aðföngum og öryggisaðbúnaði. Aukin áhersla er á gegnsæi og stefnt er að birtingu reikninga stofnunarinnar í opnum gögnum fyrir almenning.

Gagnasöfnun

Deildin gagnasöfnun hefur umsjón með söfnun og skráningu gagna fyrir hagskýrslusviðin. Verkefnum innan deildarinnar hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og verða um 48 gagnasafnanir í reglulegum rekstri á árinu 2020. Þar á meðal er söfnun gagna úr upplýsingaveitu sveitarfélaganna um gistinætur. Enn fremur er safnað gögnum um þjónustuviðskipti við útlönd, kreditkortaviðskipti, starfsemi skóla og mennta- og menningarstofnana, fyrir rannsóknir og spár, þjóðhagsreikninga, verðupptöku vegna alþjóðaverðsamanburðs (PPP) og verðupptöku ásamt annarri innsöfnun fyrir vísitölur. Stærstu skráningarverkefni deildarinnar eru búrgagnaskráningar vegna rannsóknar á útgjöldum heimilanna og skráningar verðupptökulista fyrir vísitölu neysluverðs.

Úrtaksrannsóknir

Gagnasöfnun gerir árlega fjórar úrtaksrannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum. Það eru vinnumarkaðsrannsókn, rannsókn á útgjöldum heimilanna, lífskjara-rannsókn og rannsókn á upplýsingatækninotkun heimila. Í ár verður einnig gerð rannsókn á neyslu almennings á menningu, miðlum og afþreyingu og er það fyrsta einstaklingsrannsókn Hagstofunnar þar sem þátttakendum verður fyrst boðið að taka þátt á netinu áður en haft er samband símleiðis. Unnið verður að endurhönnun

vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar í samræmi við nýja reglugerð Evrópu-sambandisins sem tekur gildi frá og með 2021. Endurhönnunin er viðamikil og nær til allra þátta rannsóknarinnar, allt frá nýjum breytum og endurforritun á spurningalista til endurskoðaðrar úrtaksgerðar.

Fjórar úrtaksrannsóknir verða gerðar á árinu á meðal fyrirtækja og stofnana. Þrjár þeirra eru árlegar, það er rannsókn á upplýsingatækninotkun fyrirtækja, rannsókn á lausum störfum og rannsókn á þjónustuviðskiptum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Rannsókn á útgjöldum til rannsóknar og þróunarstarfs er gerð annað hvert ár.

Úthringiver Hagstofunnar samanstendur af 15 til 20 spyrjum sem starfa allt árið um kring við að safna gögnum í úrtaksrannsóknnum stofnunarinnar. Safnað er svörum frá um 30 þúsund einstaklingum árlega og er svörin í úrtaksrannsóknnum einstaklinga og heimila um 61%. Svörum í fyrirtækjarannsóknnum er bæði safnað með úthringingum og með vefkönnunum og er haft samband við tæplega 3.000 fyrirtæki árlega í úrtaksrannsóknnum og er svarhlutfall rúmlega 90%.

Upplýsingatæknideild

Upplýsingatæknideild vinnur, sem stoðdeild, náið með öllum sviðum Hagstofunnar að tæknilegum innviðum. Árið 2020 verður jafnframt unnið að uppfærslu ýmissa eldri innviða í samræmi við markmið stefnumótunar 2020-2025 þar sem m.a. er stefnt að því að innleiða trausta innviði. Í upphafi árs verður tækjabúnaður í úthringiveri Hagstofunnar tekinn til endurskoðunar og í framhaldinu verður uppfært símkerfi tekið í notkun. Auk þess verður á árinu hugað að bættri innri stoðþjónustu deildarinnar gagnvart starfsfólki Hagstofunnar með þjónustukönnunum á meðal starfsmanna.

Deildin sinnir einnig ýmsum ytri verkefnum sem Hagstofan kemur að með einum eða öðrum hætti. Verkefnastofa um stafrænt Ísland á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur mótað nokkur verkefni sem stofnanir taka í notkun á árinu; nýr skrifstofuhugbúnaður í Pólstjörnuverkefninu, nýir gagnaflutningar með Straumnum, miðlæg þjónustugátt opinberra aðila undir formerkjum island.is og nýr tækniarkitektúr fyrir opinbera aðila. Upplýsingatæknideild mun á árinu vinna að útfærslu þessara fjögurra verkefna Stafræns Íslands á Hagstofunni í samráði við verkefnastofuna.

Rekstarsvið mun einnig vinna að fjölmörgum stefnumótunarverkefnum vegna nýrrar stefnu fyrir árin 2020-2025.